

Kosningakerfi Breta

og kosningaúrslit 2010–2019

Úttekt

Forsætisráðherra Bretlands, Rishi Sunak, tilkynnti þann 22. maí 2024 að þingkosningar yrðu haldnar á Bretlandi 4. júlí. Var þingi frestað þann 24. maí og formleg þinglok (e. *dissolution of parliament*) urðu þann 30. maí. Ákvörðun forsætisráðherrans um þingkosningar á þessum tíma kom mörgum nokkuð á óvart. Þess hafði fremur verið vænst að kosið yrði í haust eða jafnvel ekki fyrir en undir árslok. Kosningar hefðu í síðasta lagi átt að fara fram í janúar 2025 og felur því ákvörðun Sunaks í sér að talsvert er eftir af kjörtímabilinu þegar kosið verður og kosningarnar teljast fyrirmálskosningar (e. *snap elections*).

Hér á eftir er meginatriðum breska kosningakerfisins og framkvæmd þingkosninga á Bretlandi lýst og vikið að flokkum og framboðum sem freista þess að vinna hylli breskra kjósenda.

Kjörtímabil og þingrofsréttur

Þann 24. mars 2022 tóku gildi ný lög um þinglok og boðun þingkosninga, (e. *Dissolution and Calling of Parliament Act 2022*). Hin nýju lög komu í stað laga frá 2011 sem báru heitið (e. *Fixed-term Parliaments Act*). Samkvæmt eldri lögnum var kjördagur fastsettur fyrsta fimmtudag í maí og kosið skyldi á fimm ára fresti nema því aðeins að aukinn meiri hluti – 2/3 þingmanna – greiddi atkvæði með boðun þingkosninga eða vantraust hefði verið samþykkt á ríkisstjórn og ekki hefði tekist að mynda stjórn sem studdist við þingmeirihluta innan 14 daga. Þingrofsréttur var þannig hjá neðri deild þingsins (e. *House of Commons*) meðan þessi skipan hélst.

Fyrir gildistöku laganna frá 2011 hafði Þjóðhöfðingi Breta getað leyst þing upp samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með lögnum frá 2022 var aftur horfið til þess fyrirkomulags enda hafði skipanin frá 2011 mælst heldur illa fyrir og bæði Íhaldsflokkurinn og Verkamannaflokkurinn höfðu heitið því í aðdraganda kosninga árið 2019 að breyta henni til fyrra horfs. Vó þar þyngst að nýmælin reyndust ekki stuðla að pólitískum stöðugleika eins og vænst hafði verið. Þjóðhöfðingi Breta getur nú að nýju rofið þing að tillögu forsætisráðherra hvenær sem er á kjörtímabili sem ekki getur orðið lengra en fimm ár frá því að þing kom fyrst saman að lokum kosningum. Þingrofsrétturinn er því kominn í hendur forsætisráðherra Bretlands og Þjóðhöfðingjans á nýjan leik og var Rishi Sunak fyrstur til að nýta sér endurheimt hans er hann boðaði til þingkosninga holdvotur í hellirigningu úti á hlaði ráðherrabústaðarins að Downing-stræti 10 í Lundúnum þann 22. maí síðastliðinn.

Tveggja deilda þing

Breska þingið starfar í tveimur deildum; neðri deild (e. *House of Commons*) og lávarðadeild (e. *House of Lords*). Þingmenn neðri deildarinnar eru kjörnir í almennum kosningum en þingmenn lávarðadeildarinnar eru konungsskipaðir samkvæmt tilnefningu forsætisráðherra og er skipunin til lífstíðar. Breskur erfðaaðall á ekki lengur tilkall til setu í lávarðadeildinni. Það breyttist með gildistöku nýrra laga um lávarðadeildina árið 1999 (e. *House of Lords Act*) og frá síðustu aldamótum hefur sjálfstæð tilnefningarnefnd (e. *House of Lords Appointment Commission*) tilnefnt einstaklinga til setu í lávarðadeildinni. Ýmsar reglur, hefðir og venjur eiga við um tilnefningu í lávarðadeildina, t.d. hljóta fyrrum þingforsetar jafnan sæti í lávarðadeildinni þegar setu þeirra í neðri deild þingsins lýkur og erkibiskupar og biskupar Ensku kirkjunnar eiga þar einnig sæti. Þingmenn lávarðadeildarinnar eru nú 783, karlar eru 554 og konur 229. Tala þeirra er ekki fastákveðin og getur breyst.


Meginverkefni lávarðadeildarinnar er rýni frumvarpa og lagasetning auk eftirlits með framkvæmdarvaldinu og framfylgd opinberrar stefnumörkunar. Með fáeinum undantekningum er þess krafist að báðar deildir breska þingsins samþykki frumvarp til þess að það verði að lögum. Lávarðadeildin getur þó í raun aðeins tafið frumvarp um eitt þing en ekki komið í veg fyrir að það hljóti samþykki. Hafni lávarðadeildin því að samþykkja frumvarp frá neðri deild þingsins getur neðri deildin lagt það fram á næsta þingi og samþykkt það án þess að lávarðadeildin eigi þar hlut að máli.

Kosningakerfi Breta

Fjögur lönd, England, Wales, Skotland og Norður-Írland mynda Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland (e. *United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland – UK*). Þetta langa íslenska heitið er sjaldan notað, yfirleitt er Bretland látið nægja, og verður það gert hér. Þótt Norður-Írland sé ekki landfræðilegur hluti Bretlandseyja er það vissulega hluti konungsríkisins og þar er kosið til löggjafarþings hins Sameinaða konungsríkis (e. *UK Parliament*).

Kosningastofnun Bretlands

Sérstök kosningastofnun (e. *The Electoral Commission*) er starfrækt á Bretlandi. Meginhlutverk hennar vegna þingkosninga er að vera kjörstjórum (e. *Returning Officer*) til halds og trausts við undirbúning kosninga, veita stjórn málaflókum og frambjóðendum ráð og upplýsingar um regluverkið sem gildir um framboð og kosningabaráttu og kynna þeim og kjósendum fresti og eindaga í aðdraganda kosninga. Enn fremur fylgist stofnunin með fjármálum flokka og framboða og birtir upplýsingar um styrki sem þeim eru veittir og ráðstöfun þeirra.



Í aðdraganda kosninga og meðan á atkvæðagreiðslu stendur hefur kosningastofnunin eftirlit með starfsemi kjörstjóra og fylgist með því að þeir fari að lögum og reglum um framkvæmd kosninga. Stofnun ber einnig ábyrgð á því að birta upplýsingar og leiðbeiningar til kjósenda um kosningarnar og framkvæmd þeirra, þar á meðal um staðsetningu kjörstaða, og kosningastofnuninni ber að senda fulltrúa sína á kjörstaði til að ganga úr skugga um að þar fari allt fram samkvæmt reglum.

Að loknum kosningum aflar kosningastofnunin upplýsinga um framkvæmd kosninganna, fjármál flokka og framboða og ráðstöfun þeirra á fjármunum, kjörsókn, niðurstöðu atkvæðatalningar, fjölda auðra og ógildra kjörseðla og margt fleira. eru þessar upplýsingar birtar í kosningaskýrslum stofnunarinnar og þar eru einnig settar fram ábendingar um það sem betur mætti fara í framkvæmd kosninga.

Kjörstjórar

Kjörstjóri (e. *Returning Officer*) eða settur kjörstjóri (e. *Acting Returning Officer*) gegnir þýðingarmiklu hlutverki við framkvæmd þingkosninga. Kjörstjórinn getur verið embættismaður eða oddviti sveitarstjórnar en algengast er að kjörstjóri sé settur og kemur hann þá oftast úr röðum embættismanna viðkomandi sveitarfélags eða héraðsstjórnarumdæmis (e. *local authority district*) á Englandi og (e. *principal areas*) í Wales en (e. *council area*) á Skotlandi.

Þessi héraðsstjórnarumdæmi afmarka landfræðilegt starfssvið hvers kjörstjóra. Þau eru tæplega 300 á Englandi, 32 á Skotlandi og 22 í Wales.

Kjörstjóri ber ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd kosninga í umdæmi sínu. Það er í hans verkahring að auglýsa kosningar, sjá um gerð kjörgagna, útvega húsnæði og aðra aðstöðu fyrir kjörstaði og ráða starfslíð til starfa á kjörstað og í atkvæðatalningu. Það er einnig á verksviði kjörstjóra að sjá um utankjörfundaratkvæði og síðast en ekki síst ber kjörstjóra að annast atkvæðatalningu og það er hann sem tilkynnir um úrslit kosninga.

Kjördæmi

Á Bretlandi eru einmenningskjördæmi, þ.e. einungis einn þingmaður er kjörinn í hverju kjördæmi, sá sem fær flest atkvæði kjósenda, (e. *First Past the Post*). Alls eru kjördæmin 650 talsins og eins og gefur að skilja eru þingsæti í neðri deild þingsins jafn mörg.

Einmenningskjördæmin taka breytingum í samræmi við þróun fólksfjölda og búsetu. Sérstakar kjördæmanefndir (e. *Boundary Commission*) fara yfir mörk kjördæma í löndum Sameinaða konungsríkisins með tilliti til kjósendafjölda og þegar breytingar verða á kjósendafjölda að baki hverju þingsæti, umfram það sem lög um kjördæmaskipan leyfa, ber að breyta kjördæmum og jafnvel fella þau niður og skal miða við að kjósendafjöldi í hverju kjördæmi sé á bilinu 69.724 til 77.062 þannig að vægi atkvæða verði sem jafnast. Fáein eyjakjördæmi eru þó undanþegin breytingaskyldunni vegna landfræðilegrar sérstöðu sinnar. Samkvæmt núgildandi reglum ber að fara yfir kjördæmaskipanina á átta ára fresti með tilliti til breytinga. Slík endurskoðun fór fram árið 2023 og leiddi til talsverðra umskipta, aðeins um 10% kjördæma tóku engum breytingum. Kjördæmaskipan verður næst endurskoðuð árið 2031.

Land	Fjöldi kjördæma og þingmanna
England	543 (533)
Wales	32 (40)
Skotland	57 (59)
Norður-Írland	18 – engin breyting

Tölur í sviga merkja þingmannafjölda eins og hann var í síðustu þingkosningum, 12. desember 2019.

Mestar breytingar urðu á fjölda kjördæma í Wales við endurskoðunina 2023. Þar höfðu verið 40 einmenningskjördæmi en verða nú 32.

Kjörskrá, utankjörfundaratkvæðagreiðsla og krafa um skilríki við atkvæðagreiðslu

Á Bretlandi verður kjörskrá (e. *electoral register*) til með þeim hætti að væntanlegir kjósendur skrá sig hjá sérstakri stofnun (e. *Electoral Registration Office*) sem viðheldur og uppfærir kjörskrána. Kjörskrá er rafræn og kjósendur geta skráð sig á netinu en eiga þess jafnframt kost að gera það með því að útfylla pappírseyðublað.

Miðlæg þjóðskrá er ekki haldin á Bretlandi og kjörskrá er þess í stað notuð af stjórnvöldum og er í rauninni helsta heimildin um aðsetur þeirra sem á Bretlandi búa. Af þessum sökum ber fólki sem búsett er á Bretlandi skylda til að skrá sig á kjörskrá. Kjörskrá er aðgengileg þeim sem greiða gjald fyrir afnot af henni og geta einstaklingar sem svo kjósa valið hvort upplýsingar um þá birtist í þeirri gerð kjörskrárinnar sem er opin. Kjörstjórnir og ýmsir aðrir opinberir aðilar hafa aðgang að lokaðri kjörskrá þar sem öll nöfn koma fram.

Frestur til að ská sig til þátttöku í þingkosningunum 4. júlí rann út 18. júní. Breskum kjósendum stendur til boða að kjósa utan kjörfundar með því að nota póstkosningu. Frestur til að skrá sig í utankjörfundaratkvæðagreiðslu rann út síðdegis 19. júní. Einstaklingar sem ekki geta sjálfir greitt atkvæði geta veitt öðrum einstaklingi umboð til að kjósa í sinn stað (e. *proxy vote*) og þurfa að ganga frá því nokkru fyrir kjördag.

Á kjörstað eru kjósendur beðnir um að framvísa gildum skilríkjum með mynd og geta ekki greitt atkvæði ella. Þeim sem engin skilríki eiga býðst að láta gera fyrir sig sérstök kosningaskilríki (e. *Voter Authority Certificate*).

Kjörstaðir og kjörgögn

Áður en að kjördegi kemur frá breskir kjósendur kjörkort (e. *poll card*) sem veitir upplýsingar um það hvar sá kjörstaður er sem þeir geta neytt kosningarréttar, hversu lengi þar er opið og ýmislegt fleira sem komið getur kjósanda að gagni. Það er kjörstjórn á hverjum stað sem útbýr kjörkortid og einnig kjörseðla sem notaðir eru við póstkosningu og atkvæðagreiðslu á kjörfundi.

Kjörstjórnnum ber að miða fjölda þeirra kjörseðla sem þær láta prenta við 100% kjörsókn. Með því móti er tryggt að ekki verði þurrð á kjörseðlum á kjördegi.

Kjörstaðir verða rúmlega 30.000 í kosningunum 4. júlí næstkomandi. Þar af eru 25.606 í Englandi, 2.515 í Skotlandi, 2.132 í Wales og 606 á Norður-Írlandi.

Kosningaaldur og kosningarréttur

Kjósandi í þingkosningum á Bretlandi skal hafa náð 18 ára aldri á kjördegi. Kosningarréttur er bundinn við ríkisfang á Bretlandi, á Norður-Írlandi og einnig geta ríkisborgarar í löndum Breska samveldisins, sem hafa heimild til að koma til Bretlands án vegabréfsáritunar og eru búsettir á Bretlandi, kosið í þingkosningum. Kosningarréttur er almennur, þó hafa sumir fangar ekki kosningarrétt og ekki þingmenn lávarðadeildarinnar.

Talning atkvæða, ágreiningur um gildi og talningu atkvæða og hæfi nýkjörins þingmanns

Atkvæðatalning getur ekki hafist fyrr en kjörstöðum hefur verið lokað en það er gert kl. 10 að kvöldi.

Atkvæði greidd í breskum þingkosningum eru ekki talin á kjörstöðum heldur eru innsiglaðir kjörkassar fluttir í talningarmiðstöð (e. *count centre*) og þar eru atkvæðin talin undir stjórn kjörstjóra (e. *Returning Officer*) og tilkynnir hann um niðurstöðu talningar.

Rísi ágreiningur vegna framkvæmdar kosninga eða niðurstöðu atkvæðatalninga eru tvær leiðir til að fá úrskurð dómstóls í slíku máli.

Önnur leiðin felst í því að lögð er fram beiðni um dómsúrskurð (e. *election petition*) til hæstaréttar (e. *High Court*) á Englandi og í Wales en í Skotlandi er það *Court of Session* sem annast þessi mál. Frambjóðendur og kjósendur geta lagt fram beiðni um dómsúrskurð og getur hún varðað meinta ólögsmæta kosningaframkvæmd (e. *undue elections*) eða ólögsmæta talningu (e. *undue return*). Varnaraðili í slíku máli er þingmaðurinn sem náði kjöri og einnig getur kjörstjóri orðið varnaraðili.

Varði mál hæfi þingmanns eins og kveðið er á um það í lögum um hæfi þingmanna neðri deildar (e. *House of Commons Disqualification Act 1975*) er unnt að kalla eftir yfirlýsingu ráðgjafarnefndar konungs (e. *Privy Council*) hafi ekki áður verið lögð fram beiðni um dómsúrskurð. Ólögsmætt athæfi við kosningar (e. *corrupt or illegal practices at elections*) getur leitt til þess að þingmaður verði úrskurðaður óhæfur til þingsetu.

Flokkar, fylgi og þingsæti frá 2010

Þingkosningar á Bretlandi snúast jafnan mikið um gengi stóru stjórnmalahreyfinganna tveggja sem þar hafa verið ráðandi um langt skeið, Íhaldsflokksins (e. *Conservatives*) og Verkamannaflokksins (e. *Labour*), sem hafa skipst á að fara með völdin frá 1918. Það ár fóru fyrstu kosningarnar fram þar sem kosningarréttur gat kallast almennur og núverandi tveggja flokka kerfi festist í sessi.

Gengi stóru stjórnmalaflokkanna nýtur jafnan mestrar athygli, enda veltur næsta ríkisstjórn á því hvor þeirra hefur betur. Fjöldi annarra flokka býður þó jafnan fram í þingkosningum og einnig eru einstaklingar í framboði. Tvær skrár eru haldnar um stjórnmalaflokka, er önnur fyrir Bretland en hin fyrir Norður-Írland. Þegar allt er talið losa flokkar, stjórnmalahreyfingar og

einstaklingsframboð í komandi þingkosningum eitt hundrað og alls eru frambjóðendur 4.515. Hafa þeir aldrei verið fleiri. Margir flokkar bjóða aðeins fram í færri kjördæmum en 10 og einstaklingsframboðin bjóða, eðli málsins samkvæmt, aðeins fram í einu kjördæmi.

Einmenningskjördæmakerfið er ekki hagfellt smáflokkum eða einstaklingsframboðum þannig að þótt fjöldi framboða sé mikill eru þingflokkar langtum færri. Í kosningunum 2019 hlutu 10 stjórn málasamtök sæti á breska þinginu, sex þeirra höfðu innan við tug þingmanna í þingflokkum sínum.

Í fjórum þingkosningum í röð, árin 2010, 2015, 2017, 2019 varð Íhaldsflokkurinn hlutskarpari en Verkamannaflokkurinn en skoðanakannanir í aðdraganda kosninganna nú benda til þess að Verkamannaflokknum muni vegna betur að þessu sinni.

Þingkosningar 6. maí 2010

Það gerðist í fyrsta skipti frá því í þingkosningunum árið 1974 að hvorugur stóru flokkanna fékk hreinan meiri hluta. Íhaldsflokkurinn vann verulega á, fékk 306 þingsæti, Verkamannaflokkurinn galt afhroð, tapaði 91 þingsæti og fékk 258 og Frjálslyndir demókratar (e. *Liberal Democrats*) 57. Að loknum kosningum var mynduð samsteypustjórn Íhaldsflokksins og Frjálslyndra demókrata undir forsæti Davids Cameron.

Þingkosningar 7. maí 2015

Mikið fylgistap Frjálslyndra demókrata og einstaklega gott gengi Skoska þjóðarflokksins (e. *Scottish National Party*) einkenndi þessar kosningar. Skoski þjóðarflokkurinn hlaut 56 þingsæti, 50 fleiri en í síðustu kosningum og 95% skoskra þingsæta. Áhugi Skota á þingkosningunum var meiri að þessu sinni en oft áður sem marka má af því að kjörsókn þar varð 71% en hafði verið 63,9% í kosningunum 2010.

Íhaldsflokknum tókst að ná þingmeirihluta í þessum kosningum í fyrsta skipti frá árinu 1992. Flokkurinn hlaut 36,8% atkvæða og 330 þingsæti en fylgisaukningin frá 2010 var þó aðeins 0,8%. Verkamannaflokkurinn tapaði 26 þingsætum og hafði 232. Ríkisstjórnin sem tók við að loknum kosningum var einungis skipuð ráðherrum úr Íhaldsflokknum og leidd af David Cameron.

Brexit-þjóðaratkvæðagreiðslan og þingkosningar í apríl 2017

Þann 23. júní 2016 fór fram þjóðaratkvæðagreiðsla á Bretlandi um það hvort ríkið ætti að vera áfram í Evrópusambandinu eða segja sig úr því; Brexit-kosningarnar. Svo fór að fylgjendur úrsagnar unnu nauman sigur, 51,89%, og þann 13. júlí 2016 sagði David Cameron af sér sem forsætisráðherra, en hann hafði stutt áframhaldandi aðild Bretlands að ESB. Theresa May tók við embætti forsætisráðherra.

Um miðjan apríl 2017 boðaði Theresa May óvænt til kosninga. Skoðanakannanir undanfarnar vikur höfðu yfirleitt verið Íhaldsflokknum hagfelldar en meiri hluti hans á þinginu var naumur, aðeins 17 þingsæti. Var það því freistandi fyrir forsætisráðherrann að leita eftir

sterkara pólitísku umboði til að styrkja stöðu breskra stjórnvalda í samningaviðræðum þeirra vegna útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu sem þá stóðu yfir.

Úrslit kosninganna urðu þau að Íhaldsflokkurinn fékk mest fylgi, 43,34% atkvæða og 317 þingsæti. Næstur kom Verkamannaflokkurinn með 39,99% atkvæða og 262 þingsæti, þá Frjálslyndir demókratar með 7,37% atkvæða og 12 þingsæti og loks Skoski þjóðarflokkurinn með 3,05% atkvæða en 35 þingsæti. Þar sem Íhaldsflokkurinn fékk ekki það kjörfylgi sem vonast var eftir varð ekki hjá því komist að leita stuðnings hins Norður-Írska Lýðræðislega sambandsflokks (e. *Democratic Unionist Party* – DUP) við minnihlutastjórn Íhaldsflokksins sem mynduð var að loknum kosningum.

Þingkosningar í desember 2019

Þingkosningarnar 12. desember 2019 voru fyrirmálskosningar þar sem fimm ára kjörtímabil þingmanna átti ekki að renna út fyrr en vorið 2022. Íhaldsflokkurinn fékk mest fylgi, 43,63% atkvæða og 365 þingsæti. Enginn flokkur hafði áður hlotið svo mörg þingsæti. Árið 1979 hlaut Íhaldsflokkurinn örlítið meira fylgi, 43,9%, en 335 þingsæti. Verkamannaflokkurinn kom næstur með 32,08% atkvæða og 202 þingsæti, þá Frjálslyndir demókratar með 11,55% atkvæða og 11 þingsæti en Skoski þjóðarflokkurinn fékk 3,88% atkvæða og 48 þingsæti.

Íhaldsflokkurinn hélt áfram um stjórnartaumana. Boris Johnson, sem hafði orðið forsætisráðherra Bretlands sumarið 2019, sat áfram í því embætti fram til 6. september 2022. Þá tók Mary Elizabeth Truss – Liz Truss – við og sat í 50 daga og síðan Rishi Sunak, núverandi forsætisráðherra.

Úrslit þingkosninga og breytingar á fylgi stærstu flokka á breska þinginu 2010, 2015, 2017 og 2019

2010			
	<i>Atkvæðahlutfall</i>	<i>Þingsæti</i>	<i>Breyting á fjölda þingsæta</i>
Íhaldsflokkurinn	36,1%	306	+96
Verkamannaflokkurinn	29,0%	258	-90
Frjálslyndir demókratar	23,0%	57	-5
Aðrir flokkar	11,9%	29	
2015			
	<i>Atkvæðahlutfall</i>	<i>Þingsæti</i>	<i>Breyting á fjölda þingsæta</i>
Íhaldsflokkurinn	36,8%	330	+24
Verkamannaflokkurinn	30,4%	232	-26
Frjálslyndir demókratar	7,9%	8	-49
Skoski þjóðarflokkurinn	4,7%	56	+50
Aðrir flokkar	20,2%	24	-3
2017			
	<i>Atkvæðahlutfall</i>	<i>Þingsæti</i>	<i>Breyting á fjölda þingsæta</i>
Íhaldsflokkurinn	42,3%	317	-13

Verkamannaflokkurinn	40,0%	262	+30
Skoski þjóðarflokkurinn	3,0%	35	-21
Frjálslyndir demókratar	7,4%	12	+4
Aðrir flokkar	7,3%	24	0

2019


	Atkvæðahlutfall	Þingsæti	Breyting á fjölda þingsæta
Íhaldsflokkurinn	43,6%	365	+48
Verkamannaflokkurinn	32,1%	202	-60
Skoski þjóðarflokkurinn	3,9%	48	+13
Frjálslyndir demókratar	11,5%	11	-1
Aðrir flokkar	8,9%	24	0

Kjörsókn í breskum þingkosningum

Í þingkosningum sem haldnar voru í desember 1918, skömmu eftir lok fyrri heimsstyrjaldarinnar, var kjörsókn aðeins 57% en í þingkosningum eftir það, fram til kosninganna árið 2001, var kjörsókn yfir 70% og tvisvar yfir 80%. Árið 2001 brá svo við að kjörsókn varð aðeins 59,4% og þótt hún hafi þokast nokkuð upp síðan hefur kjörsókn í breskum þingkosningum ekki farið yfir 70% síðan árið 1997.

Opinberar tölur um kjörsókn mismunandi aldurshópa í þingkosningum á Bretlandi liggja ekki fyrir en kosningarannsóknir sem þar hafa verið gerðar frá 1964 á vegum *British Election Study* benda eindregið til þess að kjörsókn fólks undir fertugu sé nú orðið talsvert minni en þeirra sem eldri eru.

Samkvæmt rannsóknum *British Election Study* hefur munurinn á kjörsókn elsta og yngsta kjósendahópsins farið vaxandi á undanförunum áratugum. Hann var óverulegur í kosningunum 1964, þegar greining á tölum um kjörsókn var fyrst gerð, en í síðustu þingkosningum bentu rannsóknir til þess að um 47% kjósenda á aldrinum 18–24 ára hefðu neytt atkvæðisréttar síns en um 74% kjósenda 65 ára og eldri. Þá benda rannsóknir á kosningahegðun Breta eindregið til þess að ungt fólk sé líklegra til að kjósa aðra flokka en Íhaldsflokkinn en fylgi við hann er mest í elstu aldurshópunum.



Konur á breska þinginu


Fram til ársins 1918 gátu breskar konur ekki greitt atkvæði í þingkosningum en í febrúar það ár hlutu konur sem náð höfðu þritugsaldri kosningarrétt. Kosningarréttur karla var þá bundinn við

21 árs aldur. Áratug síðar, 1928, hlutu breskar konur kosningarrétt til jafns við karla og var aldurstakmarkið sem fyrr 21 ár.

Ein kona var kjörin í þingkosningunum í desember 1918 en tók ekki sæti þar sökum þess að hún tilheyrði norður-írska stjórnámálflokknum Sinn Féin sem jafnan tekur þátt í kosningum til breska þingsins en hafnar því að senda þangað fulltrúa sína. Nancy Astor varð því fyrst kvenna til að taka sæti á breska þinginu eftir aukakosningu árið 1919.

Kvenkyns þingmenn voru lengi fáir og fjölgaði hægt fram á 10. áratug síðustu aldar. Þegar Margaret Thatcher, síðar forsætisráðherra og formaður Íhaldsflokksins, tók fyrst sæti á breska þinginu árið 1959 voru þingmenn 580 og þar af voru konur aðeins 25. Í þingkosningum árið 1987 var 41 kona kjörin á þing og hefur þeim fjölgað í öllum kosningum síðan nema árið 2005 þegar konum fækkaði um tvær. Mest hlutfallsleg fjölgun varð árið 1997 þegar tala kvenþingmanna tvöfaldaðist, fór úr 60 í 120.

Í síðustu kosningum náðu 220 konur kjöri og voru því rétt um þriðjungur þingmanna neðri deildar á síðasta kjörtímabili. Þeim fjölgaði lítillega í aukakosningum á kjörtímabilinu og voru 226 við lok þess.



Í lávarðadeildinni voru 238 konur á kjörtímabilinu 2019–2024, eða um 29% þingmanna þar. Engin kona tók sæti í lávarðadeildinni fyrr en eftir lagabreytingu sem gekk í gildi árið 1958.

Nokkur munur er á stóru flokkunum tveimur með tilliti til þess hvernig kynjahlutfall þingmanna hefur verið. Um 55% kvenna sem náðu kjöri á breska þingið á árabílinu 1918–2023 voru úr Verkamannaflokknum en um 31% úr Íhaldsflokknum.

Í þingkosningunum 2019 var talsverður munur á gengi kvenna eftir flokkum. Um helmingur þingmanna Verkamannaflokksins að loknum kosningum var kvenkyns, um fjórðungur þingmanna Íhaldsflokksins, um 2/3 þingmanna Frjálslyndra demókrata og um þriðjungur þingmanna Skoska þjóðarflokksins.

Í kosningunum nú er einnig talsverður munur á kynjahlutföllum frambjóðenda eftir flokkum. Konur eru 47% af frambjóðendum Verkamannaflokksins en 34% af frambjóðendum Íhaldsflokksins. Hjá Frjálslyndum demókrötum er þetta hlutfall aðeins 29%.

Af þeim 4.515 einstaklingum sem bjóða sig fram til setu á breska þinginu í kosningunum 2024 eru 31% konur. Ekki eru því líkur á því að hlutfall kvenna á þinginu hækki að þessu sinni.

Heimildir og ítarefni

[BBC – General election 2024 poll tracker: How do the parties compare?](#)

[Boundary Commission for England.](#)

[Boundary Commission for Scotland.](#)

Boundary Commission for Wales.
British Election Study.
Constituency boundary reviews and the number of MPs, 20 November 2023.
Electoral Reform Society.
European Parliament Elections 2019: results and analysis, 26. June 2019.
Fixed-term Parliaments Act 2011, November 2021.
General Election 2010. Final Edition, 2 February 2011.
General Election 2015, July 2015.
General Election 2017: results and analysis, January 2019.
General Election 2019: results and analysis, January 2020.
GOV.UK – upplýsingaveita breskra stjórnvalda.
Information Commissioner's Office – ICO.
Institute for Government.
Northern Ireland Assembly Election: 2022, 18 May 2022.
The 2023 Review of Parliamentary Constituencies in Wales.
The Electoral Commission.
The Electoral Office for Northern Ireland.
The Privy Council: history, functions and membership, 15. November 2023.
Turnout at elections. House of Commons Library, 10 January 2023.
UK Election Statistics: 1918–2023, A Long Century of Elections. House of Commons Library, 9 August 2023.
UK Parliament.
UK Parliament. Erskine May.
UK Parliamentary Election 2024: Guidance on count procedures for candidates, election agents and counting agents.
Who can vote in UK elections? 16. January 2024.
Women in politics and public life, March 2024.